



Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um viðbrögð velferðarsviðs við þjónustukönnun á meðal notenda í heimaþjónustu

Þann 2. mars 2022 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um viðbrögð velferðarsviðs við þjónustukönnun á meðal notenda í heimaþjónustu:

Nýlega var fulltrúum velferðarráðs kynnt þjónustukönnun í þjónustuíbúðum, dagdvöl og heimaþjónustu. Svarendur voru 274, konur í meirihluta, ekkjur í dagdvöl. Niðurstöður sem snúa að heimaþjónustu eru sláandi. Aðeins 27% segja að þjónustan veiti stuðning til félagslegrar þátttöku. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvernig bregðast eigi við þessum niðurstöðum? Sterkar vísbendingar eru um að þeir sem búa einir séu að upplifa einmanaleika og einangrun og má leggja út af þessum niðurstöðum að þeir sem sinna þjónustunni hafi ekki mínútu aflögu til að ræða aðeins við þjónustuþega og er það miður.

Svar:

Í 25. - 27. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga er að finna ákvæði þar sem kveðið er á um stuðningsþjónustu (áður nefnd félagsleg heimaþjónusta). Markmið stuðningsþjónustu er að aðstoða og hæfa notendur sem þurfa aðstæðna sinna vegna á stuðningi að halda m.a. til þess að rjúfa félagslega einangrun. Í breytingum sem gerðar voru á lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga þann 9.maí 2018 og tóku gildi þann 1.október 2018 var m.a. kveðið á um að félagslegan stuðning skyldi veita bæði innan heimilis og utan þess en ekki eingöngu inni á heimilinu eins og áður hafði verið gert.

Í nýjum reglum Reykjavíkuborgar um stuðningsþjónustu sem samþykktar voru í velferðarráði 6. október 2021, í borgarráði 14. október sama ár og tóku gildi þann 1. febrúar 2022 er fjallað um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 25. - 27. gr. og X. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og 1. tl. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra. Í nýju reglunum er lögð meiri áhersla á félagslegan stuðning heldur en var í eldri reglum um félagslega heimaþjónustu í Reykjavík sem höfðu verið í gildi frá 18. maí 2006. Þar kom fram í 3.

gr. að félagslegur stuðningur væri veittur þeim sem hefðu þörf fyrir stuðning og fólst hann m.a. í samveru með umsækjanda, markvissum stuðningi, hvatningu og örvun. Í nýjum reglum um stuðningsþjónustu er kveðið á um í 3. gr. c-lið að félagslegur stuðningur skuli einkum miða að því að rjúfa félagslega einangrun og stuðningurinn hafi það markmið að styðja og hvetja notanda til félagslegrar þátttöku svo sem í félagsstarfi.

Í nýju reglunum er einnig sú áherslubreyting hvað varðar forgangsörðun verkefna að meiri áhersla er nú lögð á að veita félagslegan stuðning en t.d. þrif. Með því að leggja sérstaklega áherslu á félagslega þáttinn við innleiðingu reglnanna er verið að bregðast við ofangreindum niðurstöðum þjónustukönnunarinnar og veita stuðning við félagslega þátttöku.